

Ágætu Snarfarafélagar,

Hér hafið þið fréttabréf nóvember mánaðar.

Nú koma haustlægðir í röðum og kólnar þannig að eigendum báta er bent á að tryggja vel báta sína við bryggju og á landi. Við hvetjum þá sem ætla að taka báta sína upp í vetur að huga að því á næstu dögum og vikum. Við minnum á að það kom oftast en einu sinni fyrir að það sló út rafmagn á bryggjum í fyrra þar sem menn eru með rafmagnsofna í gangi í bátum sínum. Þetta á sérstaklega við A-bryggju. Margir þessara ofna eru mjög orkufrekir sem veldur útslætti. Ráð eru að fá sér sparneytari ofna og/eða taka báta á land og tengja þá þar við rafmagn. Félagið getur ekki tryggt að stöðugt og nægilegt rafmagn sé til upphitunar báta í höfn.

Fh. Stjórnar

Pétur Ó. Einarsson, formaður



Stoð var sett á C-bryggjuna í lok okt og verkið klárað 1.nóv, þegar stoð var sett á B-bryggjuna. Það er sambærilegur búnaður og á A-bryggju. Sigvaldi H. Pétursson stýrði verkefninu en Trausti, Örn, Jakob o.fl. aðstoðuðu og hlupu til eins og þurfti. Ólafur Viggósson (Kranaverk) kom með kranabíl og sá um allar hífingar sem þurfti til í verkinu auk þess að hjálpa til á annan hátt. Stjórn fyrir hönd annarra Snarfarafélaga vill þakka þessum vösku mönnum fyrir þeirra framlag og þá sérstaklega Sigvalda fyrir sinn þátt í þessu verkefni. (Búið var að skipta um plötur á landgangi á A-bryggju og þarf að huga að því bráðlega með B og C landganga)

Sjö minkar hafa veiðst í eina gildru í ár á svæði Snarfara, en gildran er staðsett við eina bryggjuna. Þó hann sé snoppufríður, þá er hann skaðræði í varpi og fuglalíf í nágrenni okkar nýtur góðs af.





Ný sending af fjölnota mótorbátum var að berast Húsgagnahöllinni. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Ákveðið hefur verið að félagsmenn geti opnað væntanlegt korthlið með síma. Verkefnið er í gangi með uppsetningu hliðsins og fer vonandi að ljúka.



Áfengi og siglingar fara ekki saman

Þetta vitum við auðvitað en ágætt að minna á í framhaldi af atburði sem gerðist hér út á sundum fyrir skemmstu og rataði í fjölmiðla. Norðmenn leggja áherslu á þetta með gerð skemmtilegra vídeóa til að vekja fólk til umhugsunar. Mörg slys verða á hverju ári í í Noregi sem má rekja til áfengisneyslu um borð báta. En ekki meira um það; hér eru tenglar í vídeóin;

https://www.youtube.com/watch?time_continue=1&v=9qHdPhkSSNQ

<https://www.youtube.com/watch?v=FPeetFWRVxo>

Mínum svo á áhugasama sem langar að taka þátt í uppbyggingu félagsins og stjórn að aðalfundur er í lok janúar. Endilega látið okkur vita ef það er vilji til þess að bjóða sig fram.

9. gr. a. Kosning formanns b. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára c. Kosning þriggja varamanna í stjórn d. Kosning löggilts endurskoðenda e. Kosning tveggja félagskjörinna endurskoðenda

